

Nd.

413. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931 [Útflutningsgjald af síld o. fl.].

Flutningsm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Á sama hátt má endurgreiða innflutningstoll af sykri, sem notaður er við verkun þorskrogna (gotu) til útflutnings, enda sé sannað með vottorði fiskimatsmanns, um hve mikið sykurmagn sé að ræða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Síðustu árin hefir verið flutt héðan á erlendan markað töluvert af sykursöltuðum þorskrognum. Eru þau notuð til manneldis og aðallega seld til Svíþjóðar. Hrogn með þessari verkun eru seld í harðri samkeppni við samskonar vöru frá Noregi. Til þess að geta staðizt þessa samkeppni er nauðsynlegt fyrir útflytjendur að fá sykurtollinn endurgreiddan, enda er það í fullu samræmi við það, að tollur af sykri, sem notaður er við kryddsöltun á síld, fæst endurgreiddur.